



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

12. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 23. febrúar 2024

kl. 12.00 – 14.00 haldinn í Gimli, stofu 301 og á Teams.

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Hólmfríður Garðarsdóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir.

Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson, Þóroddur Bjarnason og Zophonías Oddur Jónsson.

Forföll: Guðný Björk Eydal og Ólafur Páll Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til afgreiðslu:
 - a) Fundargerð 10. fundar frá 9. febrúar 2024. (Fskj. 1)
 - b) Fundargerð 11. fundar frá 16. febrúar 2024. (Fskj. 2)
2. Erindi vegna ómálefnaðrar launasetningar við HÍ. (Fskj. 3a-b)
3. Kröfugerð félagsins í komandi kjaraviðræðum. Framhald.
4. Næsti stjórnarfundur.
5. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 10. stjórnarfundar frá 9. febrúar 2024.
2. Fundargerð 11. stjórnarfundar frá 16. febrúar 2024.
3. a-b. Erindi vegna ómálefnaðrar launasetningar við HÍ.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.08.

1. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til afgreiðslu.

- a) Fundargerð 10. fundar frá 9. febrúar 2024. (Fskj. 1)
- b) Fundargerð 11. fundar frá 16. febrúar 2024. (Fskj. 2)

Fundargerðirnar voru samþykktar með breytingum.

2. Erindi vegna ómálefnaðrar launasetningar við HÍ. (Fskj. 3a-b)

Erindi barst frá félagsmanni vegna ómálefnaðrar launasetningar við HÍ. Með fylgdi bréf um málið sem sent var frávikateymi jafnlaunavottunar og yfirstjórnar HÍ þann 20. febrúar 2024. Undir bréfið skrifuðu um 30 akademískt starfsfólk í tilraunavísindum. Fram kemur í erindinu að talningar á birtingum leiða til ómálefnaðrar launasetningar sem mismunar félagsfólki. Um sé að ræða grundvallar kjaramál, sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Óskað var eftir stuðningi stjórnar við að fylgja málinu eftir og leiða það til lykta.

Umræða var um málið en FPR er að vinna í því. Búið er að kalla eftir gögnum og verið er að skipuleggja málþing um stigamatskerfið í samstarfi við FH og FHA. Þegar nánari upplýsingar liggja fyrir er hægt að fylgja málinu betur eftir.

3. Kröfugerð félagsins í komandi kjaraviðræðum. Framhald.

Formaður sagði frá stöðu mála í kjaraviðræðum, samskipti við BHM, háskólafélögin og fleiri félög innan bandalagsins. Vinna samninganefndar FPR að kröfugerð félagsins er langt komin og var hún rædd frá ýmsum hliðum sbr. umræðu á síðasta fundi.

4. Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 8. mars kl. 12-14.

5. Önnur mál.

a) Erindi frá félagsfólki. Framhald.

Stjórn tók fyrir tvö mál frá félagsfólki á fundi sínum 26. janúar sl. Upplýst var um stöðu mála sem eru í vinnslu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.15.

Fundarritari: LP.